

Ed.

416. Breytingartillögur

[31. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 63 frá 29. mars 1961, sbr. lög nr. 71 frá 28. apríl 1962.

Frá samgöngunefnd.

1. Á eftir 1. gr. frumvarpsins bætist við ný grein, er verði 2. gr. þess og orðist svo:
Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Lögskráningarstjóra er skylt að veita stéttarsamtökum sjómanna eða eftirlitsmanni þeirra aðgang að gögnum er varða lögskráningar og upplýsingar um þær.
2. 2. gr. frv. (sem verður 3. gr.) orðist þannig:
25. gr. laganna orðist svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Verði skipstjóri með dómi fundinn sekur um ítrekuð brot á lögskráningarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum má dæma hann jafnframt til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir.